



Fundargerð

8. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 19. júní 2025.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason, Guðbrandur Magnússon var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Vignir Steinsson, Rúnar Þorri Guðnason, Björn Hafsteinsson, Einar Björn Halldórsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 13:15.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

Tekið fyrir afgreiðslubréf Skipulagsstofnunar, dagsett 10. júní 2025. Í bréfinu gerir Skipulagsstofnun nokkrar athugasemdir við tillöguna áður en stofnunin staðfestir aðalskipulagið.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til í einu hljóði, við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 32.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt skrá um flokkun vega í náttúru Íslands.

2. 2506031 - Íslög ehf.

Lagt fram erindi frá Ástriði Gísladóttur, lögmanni hjá Íslögum ehf. fyrir hönd umbjóðenda hennar, eigenda jarðarinnar Hraunbóls/Sléttabóls 2. Í erindinu er óskað eftir að sveitarfélagið afhendi allar upplýsingar og gögn sem fyrirliggjandi eru hjá sveitarfélaginu og tengjast með beinum eða óbeinum hætti áformum, kröfum eða hugmyndum um vegtengingu, veglagningu eða vegaframkvæmdir að atvinnustarfsemi á Orustustöðum í gegnum eignarland umbj. hennar og heimildir viðkomandi og/eða sveitarfélagsins til framkvæmda (hvort sem er eignarnám eða annað) eða til umferðar um eignarland þeirra

Erindið lagt fram til kynningar. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samráði við lögmann Skaftárhrepps.



Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14:03.

Sjá rafræna undirskrift á undirskriftarblaði

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðmundur Vignir Steinsson

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Einar Björn Halldórsson

Undirritunarsíða

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Björn Helgi Snorrason

Guðmundur Vignir Steinsson

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Einar Björn Halldórsson